



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAMÚÐARKVEÐJUR TIL FORSETA HAÍTÍ

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sendi í dag samúðarkveðjur til forseta Haítí René Préval og tjáði honum stuðning íslensku þjóðarinnar á tímum erfiðleika, sorgar og áfalla. Hugur okkar er hjá fjölskyldum og vinum þeirra sem látist hafa og öllum sem glíma við afleiðingar þessara hörmulegu atburða. Mikilvægt væri að alþjóðasamfélagið sýndi íbúum Haítí öflugan stuðning. Íslensku björgunarsveitirnar kæmu með mikla reynslu frá glímunni við afleiðingar jarðskjálfta víða um heim.

14. janúar 2010.

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).